

Mál nr. 19/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys 8. febrúar 2001, hönd lenti í skurðarvél

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.02. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M slasaðist við vinnu sína. Hann lenti með hægri hönd í skurðarvél sem mótar og sker bylgjupappa svo af tók hluta fingurs.

Stöku sinnum festist afskurður í vélinni og þá hefur þurft að stöðva vélina og fjarlægja afskurðinn. Þegar M slasaðist var hann að fjarlægja afskurð og hafði stöðvað vélina með stöðvunarrofa. Hann átti í erfiðleikum með að ná afskurðinum. Þegar hann var að teygja sig niður milli valsanna rak hann hné í rofabúnað vélarinnar. Við það fór vélin í gang með fyrrgreindum afleiðingum. Engar öryggishlífar voru yfir þessum hluta vélarinnar. M mun hafa haft 3 ára starfsreynslu við vinnu við vélina.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að leggja verði frumskýrslu lögreglu til grundvallar en þá hafi M haldið því fram að hann hafi reynt að ná afskurði án þess að stöðva vélina. Vinnueftirlit ríkisins hafi ekki gert kröfur um úrbætur á vinnustaðnum í kjölfar slyssins. Þá hafi M reynslu af vinnu þessari. Félagið telur að leggja verði til grundvallar að M hafi reynt að losa afskurðinn án þess að stöðva vélina, andsætt hefðubundnum vinnubrögðum. Sú háttsemi hans sé meginorsök slyssins.

Vinnueftirlitið lætur þess m.a. getið í endurskoðaðri skýrslu sinni að við skoðun á vélinni þann 29.10. 2001 hafi komið í ljós að búið var að skipta um rofa sem stjórnar fráslagsfæribandi. Rofabúnaðurinn uppfylli ekki öryggiskröfur um rofabúnað, hvorki eldri reglum né gildandi lögum um vélar og tæknilegan búnað nr. 580/1995. Það telur að örsök slyssins megi rekja til þess að engar öryggishlífar voru á vélinni og að rofabúnaður var þannig að hægt var að setja vélina af stað óviljandi. Vegna þessa gerði eftirlitið tilteknar kröfur um úrbætur sem getið er í nefndri skýrslu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. niðurstöðum Vinnueftirlits ríkisins varðandi orsök slyssins og athugasemdir sem það gerði við ástand vélarinnar, eru fram komnar nægar upplýsingar til að telja að umrætt slys M megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað sem vinnuveitandi M ber skaðabótaábyrgð á.

M hafði nokkra starfsreynslu við þá vinnu sem framkvæmd var. Hefði hann átt að gæta aukinnar aðgæslu við vinnu sína vegna ástands vélarinnar. Þessa gætti hann ekki nægjanlega og því ber hann nokkra ábyrgð á slysinu.

Með hliðsjón af framanrituðu er fallist á bótaábyrgð þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir sem nemur 2/3 hluta. M ber 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Skaðabótaskylda þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er fyrir hendi sem nemur 2/3 hluta.

Reykjavík 27. febrúar 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.